

Auglýsing ¹⁾

um skráningu vörumerkja og gæðamerkja í eigu atvinnurekenda í vissum erlendum ríkjum

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki. nr. 47 2. maí 1968, sbr. 6. gr. laga um almenn gæðamerki, nr. 89 3. maí 1935, hefur ráðuneytið ákvæðið eftirfarandi:

1. gr.

Ákvæði 1. mgr. 28. gr. laga um vörumerki. nr. 47 2. maí 1968. sem skyldar atvinnurekanda til að sanna að hann hafi fengið samsvarandi merki skráð í heimalandi sínu verður ekki beitt gangvart atvinnrekendum í landi sem er aðili að Paríssarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á svíði iðnaðar, frá 20. mars 1883, eins og hún var eftir endurskoðun þá sem gerð var í London 2. júní 1934 eða sem er aðili að seinni gerð hennar.

2. gr.

Ekki verður þess heldur krafist að félag sanni skráningu á gæðamerki í heimalandi sínu ef félagið hefur aðsetur í landi sem er aðili að Paríssarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á svíði iðnaðar. frá 20. mars 1883, eins og hún var eftir endurskoðun þá sem gerð var í London 2. júní 1934 eða sem er aðili að seinni gerð hennar.

Iðnaðarráðuneytið. 25. maí 1990.

Jón Sigurðsson

Gunnar Guttormsson

¹⁾ Nr. 228/1990 í B-deild Stjórmartíðinda.